

Miðvikudagurinn 29. ágúst 2001

168. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 23/2001

**Auglýsingar Straums ehf. með
verði án virðisaukaskatts**

I.

Málavextir

1.

Í Morgunblaðinu, þann 13. mars 2001, birtist auglýsing frá Straumi ehf. þar sem auglýstar voru brettahillur til sölu. Uppgefið verð í auglýsingunni innifól ekki virðisaukaskatt.

Með vísan til 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995 þar sem segir að uppgefið verð skuli vera endanlegt til kaupanda, beindi Samkeppnisstofnun samdægurs þeim tilmælum til fyrirtækisins að auglýsa framvegis verð með virðisaukaskatti svo ekki þyrfti að koma til frekari afskipta stofnunarinnar. Var veittur tíu daga frestur til að koma að athugasemdum en engar bárust.

2.

Með bréfi Ísoldar ehf. til Samkeppnisstofnunar, dags. 21. mars 2001, var kvartað yfir auglýsingu Straums sem ennfremur hafði birst í Morgunblaðinu, þann 4. mars sl. Jafnframt var vakin athygli á því að einnig hafi birst samsvarandi auglýsing frá Straumi á stálhillum. Með bréfi Samkeppnisstofnunar til Ísoldar, dags. 30. mars sl., var fyrirtækið upplýst um framangreint bréf stofnunarinnar til Straums.

3.

Hinn 6. apríl 2001 birtist aftur í Morgunblaðinu óbreytt auglýsing Straums á brettahillum. Sama dag sendi Samkeppnisstofnun bréf til fyrirtækisins þar sem því var gefinn frestur til 17. apríl sl. til að koma að skýringum á því hvers vegna ekki hafi verið farið að tilmælum stofnunarinnar.

Straumur sendi Samkeppnisstofnun símbréf hinn 9. apríl 2001 þar sem beðist var velvirðingar á birtingu auglýsingarinnar og því lýst yfir að auglýsingin yrði framvegis birt í samræmi við kröfur stofnunarinnar. Samkeppnisstofnun þótti því ekki tilefni til aðgerða að svo stöddu og sendi Ísold bréf þess efnis 10. apríl sl.

4.

Óbreyttar auglýsingar frá Straumi birtust síðan í Morgunblaðinu þann 12. og 18. apríl 2001. Í bréfi Samkeppnisstofnunar til fyrirtækisins, dags. 18. apríl sl., segir að tilmælum stofnunarinnar til Straums um að hætta að auglýsa verð án virðisaukaskatts hafi verið beint til fyrirtækisins með vísan til reglna um verðupplýsingar í auglýsingum sem hafi verið settar til þess að koma í veg fyrir að auglýsingar brytu í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Var veittur frestur til 23. apríl 2001 til að koma að skýringum á birtingu auglýsinganna. Jafnframt var tilkynnt að, að þeim tíma liðnum yrði málið tekið til afgreiðslu samkeppnisyfirvalda.

Í símbréfi frá Straumi, dags. 18. apríl sl., er enn beðist afsökunar og ástæða fyrir birtingu auglýsinganna sögð vera miklar annir sem valdið hafi því að gleymst hafi að afpanta birtingarnar. Þá var því lýst yfir að bóúið væri að tryggja að auglýsingarnar birtust ekki aftur óbreyttar.

Hinn 24. apríl sl. sendi Samkeppnisstofnun Straumi bréf þar sem segir, með vísan til 21. gr. samkeppnislaga, sbr. 30. gr. 2. mgr. og 51. gr. sömu laga, að ef auglýsingarnar birtist aftur óbreyttar verði málið lagt fyrir samkeppnisyfirvöld til afgreiðslu án frekari fyrirvara.

Þann 25. apríl sl. birtist síðan auglýsing frá Straumi í Morgunblaðinu þar sem verð var gefið upp með virðisaukaskatti eins og reglur um verðupplýsingar kveða á um.

5.

Í Morgunblaðinu, þann 19. og 22. ágúst 2001, birtust síðan enn á ný auglýsingar án virðisaukaskatts frá Straumi. Var því fyrirtækinu tilkynnt í bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 23. ágúst 2001, með vísan til viðurlaga, að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, mánudaginn 27. ágúst 2001. Í framhaldi þess fundar yrði málið lagt fyrir samkeppnisráð til ákvörðunar. Var Straumi gefinn frestur til föstudagsins 24. ágúst 2001, til að koma að athugasemdum.

Í símbréfi Straums til Samkeppnisstofnunar, dags. 23. ágúst 2001, segir að birting rangrar auglýsingar sé auglýsingadeild Morgunblaðsins að kenna. Skv. upplýsingum sem Samkeppnisstofnun aflaði sér hjá auglýsingadeild Morgunblaðsins þann sama dag kemur fram að hverfandi líkur séu á því að mistök varðandi birtingu auglýsinganna liggi hjá auglýsingadeildinni enda hafi filma með auglýsingunum verið afhent blaðinu ásamt beiðni um birtingu.

Samkeppnisstofnun sendi upplýsingar þessar til Straums með símbréfi. Engin viðbrögð hafa komið fram frá Straumi varðandi þessar upplýsingar.

II. Álit auglýsinganefndar

Á fundi Auglýsinganefndar, þann 27. ágúst 2001, var m.a. tekin afstaða til auglýsinga Straums þar sem verð er tilgreint án virðisaukaskatts. Um málið fjölluðu Atli Freyr Guðmundsson, Jóhannes Gunnarsson og Bergsveinn Sampsted. Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Óumdeilt er að í auglýsingum Straums ehf. sem hér um ræðir er birt verð án virðisaukaskatts sem er í andstöðu við ákvæði 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum. Eru þær því ófullnægjandi, villandi og ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum og brjóta í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga. Ítrekuð tilmæli Samkeppnisstofnunar til fyrirtækisins um að hætta birtingu auglýsinganna hafa verið virt að vettugi. Telur auglýsinganefnd því rétt að leggja til við samkeppnisráð að ráðið banni Straumi að birta auglýsingarnar að viðlögðum stjórnvaldssektum sbr. 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga og 51. gr. sömu laga.“

III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 29. ágúst 2001, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Sigurbjörn Magnússon, Karítas Pálsdóttir og Ólafur Björnsson.

1.

Af gögnum máls þessa má ráða að Straumur ehf. hefur hvað eftir annað auglýst bretta- og stálhillur með verði sem ekki innifelur virðisaukaskatt þrátt fyrir marg ítrekuð tilmæli Samkeppnisstofnunar um að hætta að auglýsa með þeim hætti.

Á árinu 1995 setti samkeppnisráð reglur nr. 21, um verðupplýsingar í auglýsingum. Þar segir í 1. gr.:

„Uppgefið verð skal vera endanlegt verð til kaupanda.“

Reglur þessar setti samkeppnisráð til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar um verð í auglýsingum væru rangar, ófullnægjandi eða villandi sbr. 21. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur ljóst að verðupplýsingar þær sem koma fram í auglýsingum Straums séu ekki í samræmi við framangreindar reglur. Til þess að uppgafið verð sé endanlegt verð til kaupanda verður það að innifela virðisaukaskatt. Samkeppnisráð tekur undir með auglýsinganefnd að auglýsingar Straums sem hér um ræðir séu

ófullnægjandi, villandi og ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum og brjóti því í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga. Í ljósi þess að Straumi hefur ítrekað verið gefinn kostur á að koma auglýsingum sínum í lag án árangurs telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna fyrirtækinu, að viðlögðum sektum, birtingu auglýsinga þar sem verð innifelur ekki virðisaukaskatt.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð telur að auglýsingar Straums ehf. þar sem verð er gefið upp án virðisaukaskatts brjóti gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr. reglna um verðupplýsingar í auglýsingum nr. 21/1995, þar sem þær séu ófullnægjandi, villandi og ósanngjarnar gagnvart keppinautum og neytendum.

Með vísan til 1. gr. reglna nr. 21/1995, sbr. 21. gr. samkeppnislaga, og með heimild í 51. gr. sbr. 2. mgr. 30. gr. sömu laga, bannar Samkeppnisráð Straumi ehf., Auðbrekku 1, Kópavogi, að birta auglýsingar þar sem virðisaukaskattur er ekki innifalinn í verði, að viðlögðum stjórnvaldssektum.

Bannið tekur gildi við birtingu.“